

Vefrit fjármálaráðuneytisins

1. mars 2007

Aðgerðir til að lækka matvælavæð á Íslandi

Með lögum nr. 175/2006 sem samþykkt voru 20. desember 2006 og koma til framkvæmda í dag lækkar virðisaukaskattur á öll matvæli í 7%. Allur þorri matvæla bar áður 14% skatt og nokkrar vörur 24,5%. Lækkun þessi nær einnig til veitingahúsa, mótuneyta og hliðstæðra aðila. Ennfremur verða vörugjöld af matvælum öðrum en sykri felld niður, en þau voru mismunandi eftir vöruflokkum. Innflutningstollur af kjötvörum verður lækkaður um 40% á alls 870 tonna innflutningi kjöts. Virðisaukaskattur á annarrí vöru og þjónustu sem til þessa hefur verið í 14% skattþrepi lækkar einnig í 7%. Sú lækkun nær til eftirfarandi þátta.

- Útleigu hótél- og gistiherbergja svo og önnur gistinguþjónusta.
- Afnotagjalds útlags- og sjónvarpsstöðva.
- Tímarita, dagblaða, landsmála- og héraðsfréttablaða.
- Bóka, frumsaminnna sem þýddra, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.
- Sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
- Aðgangs að vegamannvirkjum.

Þá lækkar virðisaukaskattur á geisladiskum, hljómplötum, segulböndum og sambærilegum miðlum með tónlist (ekki mynd) einnig niður í 7%.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2007

[Greiðsluuppgjör ríkissjóðs](#) fyrir janúarmánuð 2007 liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörð nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstaka liðum. Breytingar hafa verið gerðar á mánaðaruppgjöri ríkissjóðs með nýju ári og er þeim lýst í niðurlagi þessarar greinar.

Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 19,8 milljarða króna innan ársins, sem er 5,9 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 5,1 milljarði hægstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust um 10,7 milljörðum hærri en í fyrra á meðan gjöldin hækka um 2,7 milljarða. Hreinn lánsfjárfjöldur er neikvæður um 10,3 milljarða króna en var jákvæður um 12,8 milljarða á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist af kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Kaupin eru fjármögnuð annars vegar með 26,9 milljarða króna lántöku og hins vegar með 3,4 milljarða reiðufé.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs í janúar 2007 námu 51,8 milljörðum króna og voru tæpum 11 milljörðum eða 25,9% meiri en í janúar 2006.


Skatttekjur og tryggingargjöld námu 49,5 milljörðum króna í nýliðnum janúar. Þær jukust um 38,4% að nafnvirði milli ára eða 29,5% umfram verðbólgu á sama tíma (þá er tekjuskattur lögðila í janúar 2006 leiðréttur fyrir tilfærslu eindaga yfir áramótin). Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögðila námu alls 30 milljörðum króna í mánuðinum og jukust um 17,8% milli ára. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 8,7 milljörðum króna, tekjuskattur lögðila 1,2 milljörðum og fjármagnstekjuskattur 20 milljörðum. Fjármagnstekjuskatturinn jókst úr tæpum 9 milljörðum í janúar 2005 í 13,5 milljarða í janúar 2006 og 20 milljarða nú, en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúarmánuði ár hvert. Innheimt tryggingagjöld námu 3,6 milljörðum króna og jukust um 15,7% milli ára eða 5,0% umfram hækkan launavísitölu á sama tíma.

Innheimta skatta af vöru og þjónustu nam 14,6 milljörðum króna í janúar og þar af nam virðisaukaskattur 10,6 milljörðum. Það eru mun hærri tölur en í janúar 2006 sem skýrist af því að uppgjör virðisaukaskatts byggðist þá enn á tveggja mánaða tímabilum og innheimtan sveiflaðist mikið milli einstakra mánaða. Ár er nú liðið frá laga-

breytingunni og verður því auðveldara um vik héðan í frá að bera saman innheimtar tekjur af virðisaukaskatti milli tímabila. Myndin sýnir hve hægt hefur á raunvexti innheimtra skatta af vöru og þjónustu undanfarið ár, en tölurnar eru byggðar á 6 mánaða meðaltölum.

Innheimtir skattar á vöru og þjónustu janúar 2001 – janúar 2007

12 mán. raunbreyting milli 6 mán. meðaltala (%)



Greidd gjöld nema 28,2 milljörðum króna og hækka um 2,7 milljarða frá fyrra ári eða 10,6%. Mest munar um 0,9 milljarða hækkan almannatrygginga og 0,5 milljarða vegna almennrar þjónustu. Þá hækka greiðslur til heilbrigðismála um 0,4 milljarða króna. Veigamestu málaflokkarnir, heilbrigðismál, almannatryggingar og menntamál vegna samtals um tvo þriðju af heildargjöldunum.

Lántökur námu 31,9 milljörðum króna á móti 1,5 milljörðum í fyrra. Þar munar langmest um áður nefnda 26,9 milljarða lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun. Þá voru 0,3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 21,1 milljarð króna í janúar 2007.

Reikningsskil ríkissjóðs grundvallast á lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins sem komu fyrst til framkvæmda við gerð fjárlaga og ríkisreiknings fyrir árið 1998. Í hverjum mánuði er tekið saman uppgjör fyrir ríkissjóð eins og það liggur fyrir í reikningshaldinu við lok hvers mánaðar.

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs tekur gagngerum breytingum frá ársbyrjun 2007. Hingað til hafa uppgjör ríkissjóðs innan ársins takmarkast að mestu við fjárhag ríkissjóðs í þröngum skilningi. Tekjurnar hafa að stærstum hluta miðast við innheimtar tekjur ríkissjóðs og gjöldin við innkomna reikninga stofnana í greiðsluþjónustu og bein framlög ríkissjóðs til ríkisstofnana sem annast sjálfar sitt reikningshald og til aðila utan A-hluta. Breytt uppgjör frá ársbyrjun 2007 felst í því að lesið er beint á stöðuna í bókhaldi allra ríkisstofnana u.þ.b. 20. næsta mánaðar á eftir. Á þann hátt fæst mun fyllri mynd af raunverulegri stöðu ríkissjóðs, ráðuneyta og ríkisstofnana hverju sinni.

Ný upplýsingakerfi ríkisins gera kleift að draga slíkar upplýsingar fram með reglubundnum hætti. Um það bil 90% af reikningsliðum ríkissjóðs eru færðir í fjárhagshluta kerfisins og eru þær upplýsingar jafnan aðgengilegar í gagnagrunni þess. Ríkisstofnunum sem nýta önnur bókhaldskerfi ber að skila mánaðarlegum upplýsingum til Fjársýslunnar eigi síðar en 20. næsta mánaðar og eru þær síðan fluttar vélrænt inn í fjárhagskerfi ríkisins. Ætla má að í byrjun verði vissir örðugleikar við að afla gagnanna og þarf að koma góðu skipulagi á öll verkferlin sem þessu tengjast á árinu 2007. Jafnframt verður gert átak á árinu 2007 til að fylgja því eftir að stofnanir uppfæri bókhald sitt með reglubundnum hætti innan ársins. Þannig fæst jöfnum höndum marktækur mælikvarði á fjármál einstakra A-hluta aðila og hvort þau samræmist þeim áætlunum sem unnið er eftir.

Tekjur ríkissjóðs janúar			Gjöld ríkissjóðs janúar			Afkoma ríkissjóðs janúar			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007	12 mánaða breyting (%)	2006	2007	Milljónir króna	2006	2007	12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Skatttekjur og trygg.gjöld	37,6	26,9	Almenn opinber þjónusta	...	17,3	Handbært fé frá rekstri	13.926	19.787	Verðbólga (febrúar)	4,1	7,4
Skattar á tekjur og hagnað	54,3	17,8	Heilbrigðismál	...	5,3	Hreinn lánsfjárfjöldur	12.849	-10.349	Kjarnaverðbólga (febrúar)	3,8	7,9
Eignarskattar	11,2	-26,8	Alm.trygg. & velferðarmál	...	3,2	Afborgun lána	-4.049	-51	Launavísitala (janúar)	8,3	10,1
Skattar á vöru og þjónustu	14,2	56,2	Efnahags- og atvinnumál	...	34,8	Brúttó lánsfjárfjöldur	8.470	-10.730	Heildarvelta (jan.-okt. '06)	12,1	13,7
Tryggingagjöld	15,0	15,7	Menntamál	...	3,3	Lántökur	1.532	31.861	Smásöluvelta (jan.-okt. '06)	8,7	5,7
Tekjur alls	37,6	25,9	Gjöld alls	0,7	10,6	Greiðsluafkoma	10.002	21.131	Atv.leysi, árst.leiðr. (jan.)	1,4	1,2